

Landsteinar – 6. kafli

Reykjavík og nágrenni



Reykjavíkurborg

Reykjavík er höfuðborg Íslands, eina borg landsins og langstærsti þéttbýlisstaðurinn. Hún stendur við sunnanverðan Faxaflóa, á suðvesturhorni landsins. Reykjavík var bústaður fyrsta landnema Íslands, Ingólfs Arnarsonar, sem reisti sér bú þar árið 874 að því er talið er. Í Landnámabók segir að Ingólfur hafi kastað öndvegissúlum sínum í sjóinn þegar hann sá til lands.

Hann nam land þar sem súlurnar fundust. Merki Reykjavíkur sækir myndefni sitt til þessarar sögu af fyrsta landnemanum en þar má sjá öndvegissúlur Ingólfs og bláar öldur. Reykur frá laugum steig til himins við vikina þar sem súlurnar rak á land, þess vegna gaf Ingólfur bæ sínum nafnið Reykjavík.



Þéttbýli myndaðist ekki í Reykjavík fyrr en á 18. öld þegar Skúli Magnússon (1711-1794), oft nefndur faðir Reykjavíkur, byrjaði að reka þar ullariðnað, Innréttingarnar svonefndu. Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi árið 1786 og þá voru íbúarnir 167 talsins. Aðalstræti 10, lítið timburhús í miðbæ Reykjavíkur, er elsta hús borgarinnar. Það var byggt árið 1762 fyrir starfsemi Innréttinganna.

Árið 1845 var Alþingi endurreist í Reykjavík Áður hafði biskupsstóllinn í Skálholti verið lagður niður og fluttur til Reykjavíkur og um svipað leyti var Latínuskólinn fluttur frá Bessastöðum á Álftanesi til Reykjavíkur. Íslendingar fengu heimastjórn árið 1904 og síðar aukið sjálfstæði frá Dönum. Þessar breytingar á staðsetningu og hlutverki opinberra stofnana landsins og miklar framfarir í sjávarútvegi urðu til þess að styrkja Reykjavík sem höfuðstað landsins.

Saga 20. aldar á Íslandi einkennist fyrst og fremst af stöðugum og sívaxandi flutningi fólks úr sveitunum í þéttbýli, ekki síst til Reykjavíkur og bæjanna í kring. Í byrjun aldarinnar bjuggu 80% landsmanna í sveit en núna búa innan við 10% landsmanna í sveitum landsins. Á þessum tíma vex borgin hratt, sérstaklega á seinni hluta aldarinnar. Á sama tíma stækka og verða til fleiri þéttbýlisstaðir í nágrenni Reykjavíkur, s.s. Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Reykjavík ásamt nágrannabæjunum eru í daglegu tali nefnd höfuðborgarsvæðið.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá tölur um íbúafjölda Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins síðustu 120 ár og hlutfall þeirra af fjölda landsmanna:

Ár	Íbúar Reykjavíkur	% af landsmönnum	Íbúar höfuðborgar svæðisins	% af landsmönnum	Landsmenn alls
1901	6.682	8,5	9.507	12,1	78.470
1920	17.450	18,5	21.513	22,8	94.436
1950	55.980	38,8	65.112	45,1	144.293
1970	81.684	39,9	109.229	53,4	204.578
2020	131.136	36,0	233.043	63,9	364.134

Þessar miklu og hröðu breytingar á búsetu fólks höfðu í för með sér miklar breytingar á samfélagsgerðinni á Íslandi. Á örfáum áratugum gjörbreyttist samfélagið hér og fór úr því að vera bændasamfélag, sem hafði lítið breyst öldum saman, í nútímalegt og síbreytilegt borgarsamfélag. Þessar breytingar voru stundum erfiðar og sársaukafullar og þeim fylgdu átök og togstreita. Þær voru lengi helstu viðfangsefni skálda og rithöfunda á 20. öld; sögur þeirra og ljóð fjölluðu gjarnan um söknuð og eftirsjá eftir kyrrð og fegurð sveitarinnar. Þessar samfélagsbreytingar voru líka algengt umfjöllunarefni í fyrstu íslensku kvikmyndunum.

Reykjavík er ólík öðrum evrópskum höfuðborgum að því leyti að hún er svo ung og þróunarsaga hennar er miklu styttri en annarra borga í nágrannalöndunum. Í samanburði við aldagamlar evrópskar höfuðborgir er Reykjavík varla komin af barnsaldri! Í gömlum borgum hefur borgarskipulag þróast á löngum tíma og sett mark sitt á borgirnar og gefið þeim heildstæðan svip. Þar má sjá heil hverfi í gömlum borgarhlutum með samstæðum og skipulögðum byggingum. Slíkt er varla til í Reykjavík. Kerfisbundið skipulag í miðbæ Reykjavíkur hófst af alvöru eftir mikinn bruna í miðbænum árið 1915 og segja má að það sé ennþá í gangi – við erum enn að ræða um og reyna að ákveða hvernig við viljum að miðbærinn í Reykjavík líti út. Í brunanum 1915 eyðilögðust margar byggingar, sérstaklega timburhús, sem stóðu við aðalgötur bæjarins. Eftir þennan stórbruna var bannað að reisa timburhús í Reykjavík og þá hófst saga steinsteypubygginga en það er algengasta byggingarefni húsa á Íslandi.

Eitt af því sem menn hafa lengi verið mjög ósammála um er Reykjavíkflugvöllur í Vatnsmýrinni. Þegar breskir hermenn byggðu flugvöllinn árið 1940 var hann í útjaðri bæjarins en nú, 80 árum síðar, er hann nánast hluti af miðborginni. Mörgum finnst að það þurfi að finna nýjan stað fyrir innanlandsflugvöll og það sé óheppilegt og jafnvel hættulegt að hafa flugvöll í miðbænum, svo nálægt þéttustu byggðinni í Þingholtunum og stærsta spítala landsins. Aðrir benda á að það sé mjög þægilegt að hafa flugvöllinn þar sem hann er. Flestir farþeganna er fólk sem er búsett úti á landi og þarf að sækja ýmiss konar þjónustu til höfuðborgarinnar sem er oft til húsa í miðbænum.

Þetta skipulagsleysi setur svip sinn á miðbæ Reykjavíkur og mörgum ferðamönnum og öðrum gestum finnst það heillandi og skemmtilegt einkenni á gömlu Reykjavík. Þar má sjá sýnishorn af margs konar byggingaraðferðum, arkitektúr og skipulagi. Við eina og sömu götuna í elsta hluta borgarinnar má til dæmis sjá gamalt steinhlaðið hús, litrík gömul

timburhús, gjarnan klædd bárujárni, elstu steinhús borgarinnar og nýbyggingar úr gleri og stáli.



Guðjón Samúelsson



Það er ekki hægt að fjalla um arkitektúr í Reykjavík án þess að nefna Guðjón Samúelsson sem mætti segja að væri hinn eiginlegi faðir Reykjavíkur. Guðjón fæddist árið 1887 á Hunkubökkum á Suðurlandi en flutti ungur til Reykjavíkur með foreldrum sínum. Faðir hans var trésmíðameistari og byggði timburhús við Skólavörðustíg fyrir fjölskylduna og þar bjó Guðjón mest alla ævina. Hann lærði fyrst trésmíði en fór svo til Kaupmannahafnar og lærði arkitektúr við arkitektaskóla listaakademíunnar og lauk prófi 1919. Hann var fyrsti Íslendingurinn sem lauk háskólaprófi í arkitektúr. Hann flutti heim að námi loknu og varð húsameistari ríkisins árið 1920. Hann gegndi því starfi í 30 ár, til dauðadags árið 1950. Guðjón var mjög afkastamikill arkitekt og teiknaði ásamt samstarfsmönnum sínum flestar opinberar byggingar í landinu. Á þessum tíma var Reykjavík að eflast og vaxa sem höfuðstaður og miðstöð stjórnsýslu, menningar og viðskipta. Guðjón teiknaði margar af helstu og merkustu opinberu byggingum Reykjavíkur og setti mikinn svip á borgina með verkum sínum. Mörg helstu kennileiti borgarinnar eru byggingar sem hann teiknaði, t.d. Hallgrímskirkja, Kristskirkja (Landakotskirkja), Þjóðleikhúsið, Aðalbygging Landspítalans, Aðalbygging Háskólans og Sundhöllin við Barónsstíg. Það er óvenjulegt að einn arkitekt nái að setja svo mikið mark á umhverfið eins og Guðjón gerði með öllum sínum fjölbreyttu og að mörgu leyti sérstæðu byggingum. Hann hafði líka mikinn áhuga á skipulagsmálum borga og bæja.



Guðjón kom fyrstur með þá hugmynd að nota íslenskar steintegundir, aðallega hrafntinnu, kvars og silfurberg, til að húða steinsteypa útveggi húsa. Hann fann upp og þróaði aðferð sem kölluð er steining eða steinhúðun húsa þegar hann vann við að teikna Þjóðleikhúsið. Aðferðin var síðan notuð á margar af þekktustu byggingum hans, t.d. Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Þessi aðferð hefur haft mikil áhrif á útlit húsa víða í borginni, sérstaklega í hverfum sem risu á 4., 5. og 6. áratug 20. aldar. Dæmi um hverfi þar sem steinhúðun á húsveggjum er áberandi er Norðurmýri (hverfið milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs), Hlíðarnar og Melarnir í Vesturbænum.

Helstu byggingar Guðjóns í Reykjavík:

Aðalbygging Háskóla Íslands

Hallgrímskirkja

Hótel Borg

Kristskirkja

Aðalbygging Landspítalans

Laugarneskirkja

Listasafn Íslands

Reykjavíkुरapótek

Þjóðleikhúsið

Sundhöllin

Verkamannabústaðirnir við Hringbraut

Kleppur

Hann teiknaði líka Akureyrarkirkju og margar byggingar víða um land.

Rétt eða rangt

	Rétt	Rangt
Ingólfur Arnarson keypti land í Reykjavík	___	___
Reykjavík dregur nafn sitt af gufu frá heitum laugum	___	___
Skúli Magnússon smíðaði innréttingar	___	___
Aðalstræti 10 er elsta hús á Íslandi	___	___
Ísland fékk sjálfstæði 1904	___	___
Reykvíkingum fækkaði milli 1950 og 1970	___	___
Guðjón Samúelsson var uppalinn í Reykjavík	___	___
Guðjón Samúelsson lærði trésmíði í Kaupmannahöfn	___	___
Guðjón Samúelsson teiknaði bara hús í Reykjavík	___	___
Guðjón Samúelsson lét reisa steinuð hús	___	___
Steining húsa er algeng á Melunum	___	___

Blaðgrein: Fengu tilkynningu um hreyfingarlausan mann



Stytta af ljóðskáldinu Tómasi Guðmundssyni

Lögreglumenn fara oft í útköll sem síðan reynast á misskilningi byggð en nú á dögnum fékk lögreglan tilkynningu um mann sem var sagður vera hreyfingarlaus á bekk við suðurenda Reykjavíkurtjarnar. „Lögreglan brást skjótt við enda allt eins víst að maðurinn væri í bráðri hættu. Á vettvangi var sannarlega að finna hreyfingarlausan mann á bekk og reyndist það vera hinn velþekkti Tómas Guðmundsson," segir í tilkynningu. Það var þó ekki Tómas sjálfur sem sat á bekknum heldur var það stytta af þessu merkilega ljóðskáldi.

„Þegar þetta lá ljóst fyrir héldu lögreglumennirnir til annarra verka en það skal samt áréttað að það er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna en einu sinni of sjaldan. Í framhjálaupi má geta þess að stytta er eftir myndhöggvarann Höllu Gunnarsdóttur og að sl. föstudag voru liðin 111 ár frá fæðingu Tómasar, sem hefur oft verið kallaður Reykjavíkurskáldið. Tómas lést árið 1983 en hann er af mörgum talinn eitt af stórskáldum Íslendinga á síðustu öld," segir í tilkynningu frá lögreglu.

Verkefni

1. Sýnið eftirfarandi sambönd í uppflattimynd (orðabókarmynd):

a) brást skjótt við _____

b) lá ljóst fyrir _____

2. Finnið önnur orð/annað orðalag um:

a) reynast _____

b) enda allt eins víst _____

c) á vettvangi _____

d) lá ljóst fyrir _____

e) áréttað _____

3. Skoðið sambandið *á misskilningi byggð*. Er hægt að hafa orðaröðina öðruvísi?

4. Hvað merkir *í framhjáhlaupi*? Væri hægt að sleppa þessu?

5. Fyrir hvaða orðmynd stendur skammstöfunin *sl.* í textanum? _____

Reykjannesskagi

Reykjannesskagi er skagi sunnan Faxaflóa og minnir lögun hans dálítið á fót sem skagar til vesturs út úr meginlandinu. Jarðfræðilega nær skaginn talsvert langt inn í land, allt að Þingvöllum og Hvalfjarðarbotni. En í daglegu tali er oftast átt við svæðið vestan (sunnan) Hafnarfjarðar og frá Krísuvík og vestur (suður) úr þegar talað er um Reykjannesskaga. Ysti hluti skagans að sunnan heitir Reykjanes en það heiti er þó af mörgum notað um allan skagann. Aðrir hlutar Reykjannesskaga eru t.d. Miðnes og Garðsskagi. Á skaganum eru fjöll sem hafa myndast við gos undir jökli á ísöld, t.d. Keilir sem sést víða að. Einnig eru á skaganum mikil hraun sem hafa runnið bæði fyrir landnám og á sögulegum tíma. Eldgos hófst í Geldingadölum í Fagradalsfjalli föstudagskvöldið 19. mars 2021 en þá hafði ekki gosið á Reykjannesskaga í mörg hundruð ár.

Verkefni

1. Finnið nokkra þéttbýlisstaði á Reykjannesskaga.

2. Hvar er Rokksafn Íslands? _____

3. Hvar á Íslandi var herstöð Bandaríkjamanna? _____

4. Hvað heitir stærsta vatnið á Reykjannesskaga og hver hefur skrifað bók með sama nafni? _____

5. Hvaða boltaíþrótt er í sérstökum hávegum meðal íbúa Reykjannesskaga? _____

6. Hvert er þekktasta hverasvæðið á Reykjannesskaga? _____